

Alþingi
Erindi nr. P 140/1897
komudagur 23/4 2012

Atvinnuvegamálanefnd Alþingis
Skrifstofa Alþingis
150 Reykjavík.

Grindavík 16. apríl 2012.

Erindi: Athugasemdir Landssambands Línubáta við drög að frumvarpi til laga um stjórn fiskveiða.

Undirritaðir f.h. stjórnar Landssambands Línubáta (LL) vilja koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum við framkomið frumvarp til laga um stjórn fiskveiða:

Í 5 gr. frumvarpsins er tekið fram að veiðileyfi með krókaafلامark verði ekki gefið úr til fiskiskipa sem eru stærri en 15 brúttótonn og veiðileyfi hans falli niður verði hann stækkaður umfram það. Landssamband Línubáta hefur áður komið á framfæri, m.a. með bréfi dags. 27.02.2012, að nauðsyn krefur orðið heimildar til stækkunar á bátum í krókaafلامarsskerfinu. Í krókaafلامarsskerfinu er u.þ.b. 40 bátar með línubeitningakerfi og er óumdeilt orðið að hagkvæmni þessa útgerðarmáta er mikil. Sá galli er þó á að línubeitningakerfin taka mikið pláss, í raun allt pláss sem fyrir er og kemur það mjög við hollustuhætti og aðbúnað þeirra sem starfa um borð í þessum bátum. Í áhöfn eru 3 – 4 menn. Reynslan sem komin er í útgerð þessara báta sýnir að þeir eru of litlir til að sinna hlutverki sínu, bæði hvað varðar vinnuáðstöðu fyrir áhöfn og meðferð aflans. Slysahættan er augljós þar sem rýmið til að athafna sig um borð er orðið mjög takmarkað og oft á tíðum þarf að ferðast með lausan fisk á dekki um langan veg sem rýrir mjög stöðuleika þessara báta.

Þörfin fyrir stækkun bátanna er mikil. Útgerðir hafa verið að stækka bátana með breytingu sem teljast ekki inn í stærðarmælingu með því að hengja á þá svalir, síðustokka og flotkassa, þannig í reynd sumir bátar komnir yfir 13 metra lengd. Með stækkun bátanna fæst nægilegt pláss sem myndi gjörbreyta allri vinnutilhögun um borð til batnaðar. Meðferð á afla mun batna þegar hægt er að ganga strax frá honum í þau ílát sem hann er fluttur til í vinnslu. Mál þetta snýr fyrst og fremst að því hvort vilji sé fyrir því í stjórnsýslunni að bæta úr þessu svo vel verði við unað. Að heimila stækkun krókaafلامarssbátanna í allt að 15 metrar er ekki útafakstur frá þeirri stefnu sem mörkuð hefur verið til aðgreiningar á þessum tveimur kerfum sem skilgreind eru í lögum um stjórn fiskveiða. Tilgangur með stækkun báta í krókaafلامarsskerfinu beinist fyrst og fremst að öryggi og vinnuumhverfi um borð og betri meðferð á afla. Hér er um nauðsynlega aðgerð að ræða svo aðbúnaður og hollustuhættir um borð í umræddum bátum sé viðunandi sem og samræmingu á íslenskum lögum við það sem gerist í þeim löndum er við gjarnan miðum okkur við.

Í 16 gr. frumvarpsins er kveðið á um að aflamark megi ekki fytja niður í krókaafلامarsskerfið. Hingað til hefur þetta verið heimilt að undanskildum þorski. Það er mikilvægt fyrir útgerðir í krókaafلامarsskerfinu að þessi heimild verði ekki afnumin í nýjum lögum um stjórn fiskveiða. Undanfarin ár hefur veiði á t.d. ýsu í aflamarki gengið á köflum illa en á sama tíma hefur veiði krókaafلامarssbáta á ýsu aukist mikið á grunnslóð og hafa þeir getað leigt ýsu úr aflamarkskerfinu. Fyrirhugaðar breytingar á þessu mun skapa mikil vandamál fyrir krókaafلامarssbátana.

Í 22 gr. frumvarpsins er kveðið á um að bátar sem gerðir eru út til dagróðra með landbeitri línu megi landa 20 % umfram þann afla í þorski, ýsu og steinbíts sem reiknast til aflamarks þeirra. Landssamband Línubáta gerir alvarlegar athugasemdir við þessa mismunun á bátum sem gera út dagróðrabáta til línuveiða á grundvelli þess hvort línan sé beitt um borð eða í landi. Einn helsti orsakavaldur þess að útgerðir þessara báta snéru sér að vélbeitingu var hversu erfitt það reyndist orðið að fá fólk til beitningastarfa í landi, fólk sem tilbúið var til verksins á ársgrundvelli. Beitningavinna var oftar en ekki vinna sem gripið var í á milli netavertiða eða sem ígripavinna í svartasta skammdegið.

Þeir u.þ.b. 40 bátar sem gerðir eru út í dag á sjóbeitta línu og stunda dagróðra gætu með engu móti mannað öll þau stöðugildi sem til þyrfti, ef til stæði að gera þá út á handbeitta bala. Upphaflegi hvatinn að línuvinnun yfirleitt var að hér væri um betra hráefni að ræða, hráefni það sem þessir bátar draga að landi er ekki síðra en það sem balabátarnir landa. Einnig réði för að hvetja menn til sóknar yfir svartasta skammdegið og stuðla þar með að auknu öryggi í hráefnisöflun og sókn í stofnana þegar gæðin voru hvað mest á hráefninu. Það hlýtur að vera réttlætissjónarmið út af fyrir sig að mismuna þeim sem gera út á línu ekki með þessum hætti. Menn eiga ekki að þurfa gjalda fyrir það í útgerðs sinni að ekki fái fólk til að beita í landi á ársgrundvelli heima í héraði. Þar fyrir utan er línubeitningavélin hluti af þeirri þróun sem íslenskur sjávarútvegur hefur orðið aðnjótandi að allt frá vélvæðingu fiskiskipaflotans.

Ekki verður já öðru komist en gera athugasemdir við þær hugmyndir sem uppi eru um stórkostlega hækkun veiðileyfagjaldsins, sem sýnt þykir að munu hnésetja marga útgerðina, jafnt stórar sem smáar. Mönnum hefur reiknast til að um 90 % allra aflaheimilda hafa skipt um hendur frá því framsalið var heimilað 1990. Þetta þýðir að flestar útgerðir í landinu eru meira og minna skuldsetta í dag vegna kaupa á viðbótar aflaheimildum og margar þeirra töluvert mikið. Að hækka veiðileyfa gjaldið um jafnvel hundruð milljóna á einstaka fyrirtæki gæti haft þveröfug áhrif á þróun sjávarútvegs hér á landi fyrir fyrirtæki í báðum kerfum. Fyrirtæki sem reka öflugar einingar, jafnvel á mörgum stöðum á landinu, gætu í besta falli neyðst til að draga úr starfssemi sinni og í vesta falli jafnvel loka einstaka starfsstöðvum. Að aðskilja það svo með lögum hverjir eigi að borga og hve mikið er síðan með öllu óskiljanlegt. Þeir sem minnstar aflaheimildirnar hafa, innan við 30 tonn, eru undanskildir. Þar er oftar en ekki um að ræða aðila sem hafa ekki keypt sínar aflaheimildir, heldur fengið þær úthlutaðar á sínum tíma og ættu því að skulda lítið ef nokkuð. Það leiðir því af rökum að þeir, ef einhverjir, ættu að geta greitt hlutfallslega hæsta veiðileyfagjaldið. Ekki það að Landssamband Línubáta sé að tala fyrir því að slíkir aðilar eigi að bera þungann af gjaldheimtunni, heldur er hér einungis verið að benda á það misræmi sem er í fyrirhugaðri innheimtu veiðileyfagjaldsins. Sé það á annað borð álitid réttlætismál að menn greiði fyrir aðgang að auðlindinni, þá getur það varla talist frávík frá réttlætinu að það sama verði látið yfir alla ganga. Sé það ætlun Alþingis Íslendinga að ganga þannig frá frumvarpinu að hundruð manna verði atvinnulausir og færa störf þeirra til á milli landshluta eða jafnvel á haf út og öfugt, þá stangast það í alla staði á við b, c, d og e lið 1. greinar frumvarpsins.

Virðingafyllst.

f.h. Landssamband Línubáta.


Gunnlaugur Arnason – formaður Landssambands Línubáta.


Reynir Þorsteinsson – framkvæmdastjóri Landssambands Línubáta